

AUGLÝSING

frá ríkisskattstjóra nr. 8/2002 um skattmat 2002.

Tekjur af landbúnaði og bústofn til eignar.

Ríkisskattstjóri hefur sett eftirfarandi reglur um mat á tekjum af landbúnaði og um mat á búpeningi til eignar vegna tekna á árinu 2002 og eigna í lok þess, sbr. 116. gr. og 2. tl. 74. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt og ákvæði í B-lið 17. gr. reglugerðar nr. 245/1963 um tekjuskatt og eignarskatt. Um er að ræða mat á tekjum í rekstri, hvort sem um er að ræða einstaklingsrekstur eða rekstur lögaðila.

Heimanot búsafurða og aðra endurgjaldslausu afhendingu þeirra til eigenda, starfsmanna og skylduliðs þeirra skal telja til rekstrartekna á landbúnaðarskýrslu og rekstrarreikningi. Tekur það m.a. til búfjárafurða, jarðargróða, afraksturs af hvers konar hlunnindum, afurða gróðurstöðva, fuglabúa o.s.frv. og sjávarafla og afla eldisstöðva. Séu afurðir afhentar til heimanota ekki tilgreindar hér á eftir skal meta þær á sama verði og fyrir þær fæst við sölu til óskylds aðila. Séu afurðir þessar afhentar á lægra verði en í skattmatinu greinir skal mismunur á því verði og matsverðinu talinn til rekstrartekna.

Skattmat á heimaafnotum búsafurða o.fl. vegna tekjuársins 2002 er sem hér segir:

<i>Tegund búsafurða</i>	<i>Skattmat kr.</i>
Mjólk	40 pr. ltr.
Egg	200 pr. kg.
Kartöflur	55 pr. kg.
Rófur	95 pr. kg.
Lambakjöt	300 pr. kg.
Kjöt af veturgömlu fé	200 pr. kg.
Annað kjöt af sauðfé	100 pr. kg.
Ungnautakjöt	300 pr. kg.
Annað kjöt af nautgripum	200 pr. kg.
Folaldakjöt	170 pr. kg.
Annað kjöt af hrossum	100 pr. kg.
Grísakjöt	220 pr. kg.
Annað svínakjöt	130 pr. kg.
Kalkúnar, endur og gæsir	400 pr. kg.
Annað fuglakjöt	300 pr. kg.
Fiskur	200 pr. kg.

Eignamat í árslok.

Bústofn í ársbyrjun og árslok skal færa á bústofnsskýrslu ársins 2002 og meta til eignarskatts í lok þess árs sem hér segir:

<i>Tegund bústofns</i>	<i>Eignamat kr.</i>
Mjólkurkúr	75.000
Holdakúr og naut	58.000
Kvígur, 1½ árs og eldri	47.000
Geldneyti	31.000
Kálfar, yngri en ½ árs	9.000
Ær og sauðir	5.200
Hrútar	8.500

<i>Tegund bústofns</i>	<i>Eignamat kr.</i>
Gemlingar	4.700
Hross á 14. vetri og eldri	15.000
Hross á 5. – 13. vetri	30.000
Fulltamin reiðhross (á 5. – 13. vetri)	110.000
Önnur reiðhross (á 5. – 13. vetri)	55.000
Verðlaunahross (á 5. – 13. vetri)	150.000
Kynbótahestar á 5. – 13. vetri	220.000
Verðlaunaðir kynbótahestar á 5. – 13. vetri	320.000
Tryppi á 2. – 4. vetri	10.000
Fölöld	7.000
Hænsni, eldri en 6 mánaða	650
Varphænsni yngri en 6 mánaða	400
Kjúklingar	160
Endur	680
Gæsir	1.200
Kalkúnar	1.700
Gyltur	16.000
Geltir	25.000
Grísir	5.000
Kanínur	2.300
Minkar: Karldýr	3.700
Kvendýr	2.100
Hvolpar	0
Refir: Karldýr og kvendýr	7.900
Hvolpar	0
Önnur ótilgreind dýr nýtt í rekstri	3.200

Reykjavík, 12. febrúar 2002.

Indriði H. Þorláksson ríkisskattstjóri.